

Alþingi - Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2024
UST202411-030/H.G.
10.04.00

Efni: Til umsagnar 316. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

Vísað er til bréfs dags. 1.11.2024 þar sem Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar 316. mál - Vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga (framlenging). Með frumvarpinu er lagt til að framlengja gildistíma 1.-3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga til 1. janúar 2027.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun vill koma ábendingum á framfæri:

Nýjar stofnanir

Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. [84/2023](#) um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga segir:

*Áður en ráðherra tekur ákvörðun skv. 2. gr. skal hann gefa sveitarfélagi þar sem hinar nauðsynlegu framkvæmdir eru fyrirhugaðar, sem og ráðherrum sem fara með skipulagsmál, náttúruvernd og ríkisfjármál, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, **Umhverfisstofnun**, Náttúrufræðistofnun Íslands og Minjastofnun Íslands, skamman frest til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.*

Umhverfisstofnun bendir á að eftir áramót muni stofnunin verða lögð niður og tvær nýjar stofnanir taka til starfa eða [Umhverfis- og orkustofnun](#) og [Náttúruverndarstofnun](#). Stofnunin bendir því á að mikilvægt sé að gerð sé breyting á 2. mgr. 3. gr. þannig að í stað Umhverfisstofnun komi Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun. Lög nr. 84/2023 veita „undanþágu“ frá lögum um náttúruvernd sem verða á valdsviði Náttúruverndarstofnunar og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sem verða á valdsviði Umhverfis- og orkustofnunar.

Framkvæmdir

Stofnunin vill líka koma á framfæri ábendingum varðandi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 84/2023 sem fjallar um hvaða nauðsynlegu framkvæmdir falli undir lögin en þau eru tæmandi talin en undir það falla: 1. uppbygging varnargarða, 2. gerð varnarfyllinga yfir veitumannvirki og 3. gröftur leiðarskurða. Umhverfisstofnun vill benda á að á svæðinu hefur verið farið í ýmsar framkvæmdir svo sem vegagerð og lagningu veitulagna. Hraun hefur farið yfir og raskað

þjóðvegum, vatns- og rafmagnslögnum, aðkomuvegum að ferðamannastöðum og aðkomuvegum að veitumannvirkjum svo eitthvað sem nefnt. Umhverfisstofnun vekur athygli á að þessar framkvæmdir falla ekki undir 2. mgr. 2. gr. laganna.

Starfsleyfisskylda

Umhverfisstofnun bendir á að engin heimild er fyrir ráðherra að veita undanþágur frá leyfisveitingu vegna almannavarna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur. Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 er hins vegar mælt fyrir um heimild Umhverfisstofnunar til að veita bráðabirgðaheimild sem felur í sér styttri málsmeðferð en skilyrði þess að undanþága sé veitt er m.a. að fyrir liggja fullnægjandi gögn og upplýsingar, skipulag og mat á umhverfisáhrifum, eftir því sem við á. Starfsleyfi þarf t.d. enn fyrir olíubirgðastöðvar, jarðborun, gististaði og brennsluver, sem geta m.a. verið varaafstöðvar.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllt,

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur